

Fimmtudaginn 5. nóvember 1987.

Nr. 208/1986. **Óskar Árnason**

(Sigurður H. Guðjónsson hrl.)

gegn

Vörukaupum hf.

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Lausafjárkaup. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1986. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig „að dráttarvextir verði 2,75% á mánuði frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986, 2,25% á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1987, 2,8% á mánuði frá þeim degi til 1. júlí 1987, 3,0% á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 3,4% á mánuði frá þeim degi til 1. september 1987, 3,5% á mánuði frá þeim degi til 1. október 1987, 3,6% á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1987 og 3,8% eða hæstu dráttarvextir á mánuði eða brot úr mánuði, samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er sú krafa gerð, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda kr. 41.390,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning.“

Skjal það sem stefndi lét frá sér fara til áfrýjanda ber fyrir-sögnina: „Efnistilboð samkv. upptalningu í frystikerfi.“ — „Vélbúnaður“ og „Frystiklefi fyrir Óskar Árnason Sandgerði.“ Er síðan í skjalinu nánari lýsing á vélbúnaði þeim sem boðinn er og einstakir hlutir taldir upp og verð þeirra í íslenskum krónum. Þá segir í skjalinu: „Hér undir er listi yfir þá hluti sem eru í þessu tilboði og eru verð án söluskatts.“ Var verð vélbúnaðar fyrir eitt frystikerfi samkvæmt því 333.986,00 krónur, en í skjalinu er gert ráð fyrir tveimur frystikerfum og verð þeirra samkvæmt því 667.972,00 krónur. Að lokum segir svo í skjalinu: „Afgreiðslutími

er yfirleitt 6 vikur frá staðfestingu á pöntun en eins og kemur fram að ofan eru loftk. eimsvalarnir til á lager.“ Undir skjalinu stóð „F.h. Vörukaup hf.“ en skjalið var óundirritað.

Áfrýjanda var rétt að líta svo á, þó að skjalið væri óundirritað, að með því gerði stefndi honum tilboð um sölu á búnaði þeim sem þar er tilgreindur á því verði sem þar er skráð. Hefur fyrirvarsmaður stefnda skýrt frá því að áfrýjandi hafi í septembermánuði óskað eftir því að stefndi pantaði það af búnaðinum sem ekki var til á lager. Mátti fyrirvarsmönnum stefnda vera ljóst að með því samþykkti áfrýjandi tilboð stefnda. Hafa ekki verið leidd í ljós nein þau atvik er valdi því að áfrýjanda beri að greiða verð það sem stefndi nú krefur hann um.

Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 70.000,00 krónur. Er þá haft í huga, þrátt fyrir mótmæli stefnda, að áfrýjandi þurfi að greiða lögmanni sínum söluskatt samkvæmt 11. gr. laga nr. 68/1987 af þeim hluta málflutningsþóknunar hans sem telst vera vegna starfa hans að málinu eftir 1. september 1987.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Óskar Árnason, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Vörukaupa hf., í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 70.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. apríl 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 13. júní 1985 af Vörukaupum hf., nafnr. 9343-1057, Skipholti 15, Reykjavík, gegn Óskari Árnasyni, nafnr. 6914-8530, Norðurgötu 11, Miðneshreppi, Sandgerði, persónulega og sem framkvæmdastjóra fyrir hönd einkafyrirtækis hans Frystihúss Óskars Árna, Norðurgötu 11, Sandgerði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 94.744,05 með 4% mánaðarvöxtum af kr. 10.123,00 frá 1. mars 1985 til

1. apríl 1985, en af stefnufjárhæð kr. 94.744,05 frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 3,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir voru reyndar án árangurs.

II.

Dómkröfu sína byggir stefnandi á tveimur reikningum vegna vöru-úttektar stefnda hjá stefnanda og lýsir hann reikningunum nánar þannig í stefnu: Reikningur dags. 28. febrúar 1985 að fjárhæð kr. 810.123,00. Reikningurinn sé samkvæmt nótu nr. 179 vegna úttektar stefnda á tveimur loftkældum eimsvölum samtals kr. 164.786,00, fjórum frystielementum, samtals kr. 382.536,00, og tveimur kælivélasamstæðum ásamt fylgihlutum, kr. 262.801,00. Stefndi hafi greitt þann 28. febrúar 1985 kr. 800.000,00 inn á skuldina og nemi mismunur kr. 10.123,00. Reikningurinn sé án sölu-skatts. Reikningur dags. 29. mars 1985 að fjárhæð kr. 84.621,05 skv. nótu nr. 19565 dags. 28. mars 1985 vegna úttektar stefnda á eirrörum fyrir samtals kr. 68.242,80, 24% söluskattur kr. 16.378,25 eða samtals kr. 84.621,05.

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á almennum reglum kröfuréttar og sammingsréttar um greiðslu fjárskuldbindinga.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst á þann veg að stefndi, sem reki frystihús og fiskverkun í Sandgerði, hafi síðari hluta sumars 1984 leitað eftir tilboðum hjá nokkrum aðilum í tiltekinn frystibúnað, þar á meðal hjá stefnanda. Hafi stefnandi gert stefnda tilboð þann 13. ágúst 1984 og hafi það hljóðað upp á kr. 667.972,00 og hafi það verið án nokkurra fyrirvara um hækkun vegna verðlags og gengisbreytinga.

Í tilboðinu hafi þess jafnframt verið getið að afgreiðslutími væri yfirleitt sex vikur frá staðfestingu á pöntun. Hafi stefndi gengið að þessu tilboði.

Í október- og nóvembermánuði hafi stefndi gengið ítrekað eftir afhendingu á búnaðinum, en forsvarsmenn stefnanda hafi ávallt tjáð honum að hann yrði bráðlega tilbúinn til afhendingar en hafi engar skýringar gefið á drættinum. Í desember- og janúarmánuði hafi stefndi verið orðinn vonlítill um að stefnandi myndi afhenda tækin og standa við tilboð sitt, en um mánaðamót janúar og febrúar 1985 hafi forsvarsmáður stefnanda haft samband við stefnda og sagt honum að tækin væru komin og tilbúin til afgreiðslu. Stefndi hafi þá sérstaklega spurt eftir því hvort tilboðið stæði óbreytt og hafi því verið svarað játandi. Stefndi hafi þá sagst myndu standa

við það að sínu leyti og hann myndi engar kröfur gera vegna afhendingar-dráttarins.

Hinn 7. febrúar hafi stefndi komið til stefnanda og greitt honum kr. 400.000,00 innborgun á tækjabúnaðinn og þá rætt jafnframt við starfsmenn stefnanda um eirrör sem hann þyrfti að kaupa hjá stefnanda í tengslum við frystibúnaðinn. Hafi þá ekkert verið rætt um nokkra hækkun á tilboðsfjárhæðinni. Hinn 20. febrúar hafi stefndi komið aftur til stefnanda og greitt honum kr. 400.000,00. Stefndi hafi talið að með þeirri greiðslu hefði hann greitt eftirstöðvar af kaupverði frystibúnaðarins samkvæmt tilboðinu, þ.e. kr. 267.972,00, enda hafi þá ekki komið fram hjá stefnanda að sú fjárhæð hefði hækkað. Mismuninn, kr. 132.038,00, hafi stefndi talið vera greiðslu inn á viðskiptareikning sinn vegna úttektar á eirrörum og fleiru hjá stefnanda.

Eftir að þessar greiðslur höfðu farið fram og stefndi tekið við frystibúnaðinum hafi hann fengið reikning frá stefnanda fyrir vöruúttekt að fjárhæð kr. 810.123,00. Hafi hann talið að í þeim reikningi væru innifalín eirrör þau er hann hafði pantað hjá stefnanda. Þegar stefndi hafi síðan fengið sérstakan reikning fyrir eirrörin að fjárhæð kr. 84.621,05 hafi hann strax haft samband við forsvarsmann stefnanda til að fá skýringar. Þá hafi fyrst komið í ljós að stefnandi hafði hækkað kaupverð frystibúnaðarins um kr. 142.151,00 frá því sem tilboðið hljóðaði upp á, eða úr kr. 667.972,00 í kr. 810.123,00. Stefndi hafi mótmælt þessari hækkun harðlega og krafist þess að stefnandi stæði við tilboðið og fyrri loford sín, en því hafi alfarið verið hafnað af hálfu stefnanda.

Stefnandi (sic) byggir sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi hinn 13. ágúst 1984 gert stefnda bindandi og fyrirvaralaust tilboð að fjárhæð kr. 667.972,00 fyrir hinn tiltekna frystibúnað.

Þetta tilboð hafi stefndi samþykkt og hafi því komist á bindandi samningur milli aðila. Stefnandi sé bundinn við framangreint tilboð og geti því ekki hækkað fjárhæð þessa einhliða, þar sem hann hafi ekki gert neina fyrirvara þar að lútandi. Stefndi hafi greitt stefnanda að fullu þá fjárhæð sem um var samið vegna frystibúnaðarins og einnig að fullu kaupverð eirröranna samkvæmt reikningi stefnanda dags. 29. mars 1985 að fjárhæð kr. 84.621,05. Í raun hafi stefndi ofgreitt stefnanda vegna þessara viðskipta kr. 47.406,95, sem stefndi áskilji sér allan rétt til að endurkrefja stefnanda um. Af framangreindum ástæðum sé einsýnt að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á meginreglum kaupa-, kröfu- og samningaréttar.

Málkostnaðarkrafa stefnda byggist á ákvæðum 12. kafla laga nr. 85/1936.

Við munnlegan málflutning mótmælti lögmaður stefnanda því að stefnandi hefði gert stefnda bindandi verðtilboð varðandi frystibúnað þann sem tilgreindur er á dskj. nr. 9. Nefnt skjal sé einungis verðútreikningur á þeim vörum sem þar séu tilgreindar á þeim tíma sem skjalið sé dagsett, enda skjalið óundirritað. Viðskipti stefnanda og stefnda varðandi nefndan frystibúnað hafi verið hrein reikningsviðskipti.

III.

Fyrir dóm hafa komið til skýrslugjafar Erling Roald Magnússon forstjóri stefnanda, stefndi Óskar Árnason og Erling Hermannsson verslunarmaður hjá stefnanda.

Forstjóri stefnanda skýrði svo frá að af hálfu stefnanda hafi stefnda ekki verið gert bindandi verðtilboð varðandi vörur þær sem tilgreindar eru á dskj. nr. 9 og ber yfirskriftina „Efnistilboð samkv. upptalningu í frystikerfi“. Skjalið sé óundirritað, en af stefnanda hálfu séu bindandi tilboð ætíð undirrituð og gjaldeyrisbundin á þeim degi sem tilboð er gert og undirritað. Fjárhæð sú sem tilgreind sé á dskj. nr. 9 sé gildandi verð á tilgreindum frystibúnaði á þeim tíma sem skjalið er skrifað. Hlutir þeir sem þurfti í umrætt frystikerfi séu yfirleitt til á lager. Varðandi pöntun stefnda, þá hafi þriðjungur varanna verið til á lager, þriðjungur komið í nóvember 1984 og vélasamstæður tvær komið í janúar 1985. Reiknað hafi verið með því að stefndi tæki vöruna smátt og smátt, en hann hafi kosið að taka allt í einu. Hann hafi sjálfur tjáð stefnda að hlutirnir í kerfið kostuðu um 800.000,00 kr. og hafi stefndi greitt með tveimur 400.000,00 kr. ávísunum. Eirrör hafi stefndi tekið töluvert síðar og ekkert hafi verið talað um þau í sambandi við tækjabúnað í frystiklefa. Þegar rörin hafi verið tekin, hafi sérstakur reikningur verið skrifaður út fyrir þeim.

Stefndi Óskar skýrði svo frá að hann hafi leitað eftir tilboðum í frystibúnað sem hann hafi vantað, þar á meðal hjá stefnanda. Hann hafi fengið þrjú tilboð, en hafi samþykkt tilboð stefnanda. Vörurnar hafi ekki verið komnar, en honum hafi verið sagt að það tæki tvær til sex vikur að fá þær. Það leið og beið og hann hafi oft komið við hjá stefnanda til þess að athuga málið og hafi sumar vörurnar komið en aðrar ekki og þegar liða tók á haustið hafi hann haldið að þetta mundi daga uppi.

Loks hafi honum verið tilkynnt að vélarnar væru komnar. Hafi hann spurt eftir því hvort tilboð stefnanda stæði óbreytt og hafi honum verið tjáð af forsvarsmanni stefnanda að stæði hann við sinn hluta yrði staðið við tilboðið af hálfu stefnanda. Hafi hann tjáð forsvarsmanni stefnanda að hann myndi standa við sitt. Þótt vörurnar væru komnar reyndust einhverjir erfiðleikar af hálfu stefnanda að leysa þær úr tolli. Hafi hann þá farið út í það að greiða stefnanda. Hann hafi gert það í tvennu lagi og

hafi hann greitt riflega, þar sem endanlegt verð á öllum vörunum, þ.e. eir-rörunum, hafi ekki legið fyrir. Það hafi verið grundvallarforsenda af hans hálfu varðandi kaup á þessu frystikerfi hjá stefnanda að um fast bindandi verðtilboð væri að ræða.

Erling Hermannsson, starfsmaður stefnanda, skýrði svo frá að hann hefði samið efnistilboð á dskj. nr. 9. Það væri ekki bindandi verðtilboð, heldur fyrst og fremst útreikningur á stærð kælikerfis er hentaði stefnda og verð á því eins og það var á þeim degi. Hefði verið um bindandi verðtilboð að ræða hefði verið gengið frá því á formlegri hátt. Hann skýrði frá því, að um sömu vörur sé að ræða, sem taldar eru upp á dskj. nr. 9 og á reikningi að fjárhæð kr. 810.123,00 á dskj. nr. 3. Um hrein reikningsviðskipti hefði verið að ræða og hefði Óskari verið kunnugt um það. Hann hafi margspurt upp í hvaða upphæð þetta væri komið áður en hann leysti út vöruna.

IV.

Stefnandi höfðar mál þetta til greiðslu tveggja reikninga. Annars vegar vegna kaupa stefnda á eirrörum að fjárhæð kr. 84.621,05 og er ekki ágreiningur um þann reikning. Hins vegar til greiðslu reiknings að fjárhæð kr. 810.123,00 vegna kælivélasamstæðu með fylgihlutum o.fl. eins og áður er nánar lýst.

Óumdeilt er að kaup tókust með aðiljum málsins á frystibúnaði þeim sem tilgreindur er á hinum síðari reikningi, en ágreiningur er hins vegar um það hvort stefnandi hafi gert stefnda bindandi verðtilboð í þennan búnað að fjárhæð kr. 667.972,00.

Lagt hefur verið fram í málinu sem dskj. nr. 9 skjal sem ber yfirskriftina „Efnistilboð skv. upptalningu í frystikerfi” og er skjalið dags. 13. ágúst 1984. Upplýst er að vörur þær sem tilgreindar eru í þessu efnistilbóði eru þær sömu og tilgreindar eru á reikningi á dskj. nr. 3 að fjárhæð kr. 810.123,00. Skjal þetta er óundirritað, en af hálfu stefnda er því haldið fram að verðtilboð stefnanda sé grundvallað á þessu skjali.

Gegn andmælum stefnanda og með hliðsjón af málavöxtum þykir ósannað að stefnandi hafi gert stefnda bindandi verðtilboð í umræddan frystibúnað á grundvelli dskj. nr. 9. Þykir því verða að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti sbr. 6. gr. 1. nr. 39/1922.

Eftir úrslitum máls þessa ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000,00.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir, settur borgardómari í Reykjavík. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist nokkuð vegna veikinda dómarsans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Óskar Árnason, greiði stefnanda, Vörukaupum hf., kr. 94.744,05 með 4% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 10.123,00 frá 1. mars 1985 til 1. apríl 1985, en af kr. 94.744,05 frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 20.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. nóvember 1987.

Nr. 296/1987. **Samband íslenskra samvinnufélaga**

gegn

Jóni Steinari Gunnlaugssyni

Kærumál. Lögmansþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 16. október 1987 kært til Hæstaréttar með heimild í 8. gr. 4. mgr. laga nr. 61/1942 úrskurð stjórnar lögmannafélags Íslands 7. október sl. um endurgjald fyrir málflutningsstarf varnaraðila fyrir sóknaraðila. Krefst sóknaraðili þess í kröfugerð 9. nóvember, sem fram kom eftir ábendingu Hæstaréttar skv. 30. gr. laga nr. 75/1973, að þóknunin verði 100.000,00 krónur. Að kærumálskostnaði er ekki vikið.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í 2. gr. 2. mgr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur segir: „Hér- aðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og herra endurgjald ef mál vinnst, en ef það tapast.“ Í niðurlagi 8